

**Ed.**

**820. Frumvarp til laga**

[416. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. Tollur á vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum falli niður: 90.07.13, 90.07.19, 91.01.00, 91.04.00, 91.08.00, 91.09.00, 91.11.00.
- b. Tollur á vörum í eftirtöldu tollskrárnúmeri lækki í 5%: 32.10.00.
- c. Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum lækki í 20%: 37.01.09, 37.02.09.
- d. Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum lækki í 50%: 92.12.19, 92.12.29.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .**

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir lækkun eða niðurfellingu tolla á ýmsum smávörum. Hér er um að ræða varning eins og úr, myndavélar, filmur, hljómplötur og nokkrar fleiri vörur sem handhægt er að flytja með sér milli landa og hefur verið hagkvæmt fyrir fólk að kaupa í smásölu erlendis og flytja með sér hingað til lands. Með auknum ferðalögum Íslendinga hafa slík kaup farið vaxandi.

Verslun með slíkar vörur hefur því í verulegum mæli flust úr landinu eins og innflutningstölur í verslunarskýrslum bera með sér, en innflutningur á þessum vörum samkvæmt þeim er mun minni en vænta má og þar með innlend verslun í þessum vöruflokkum. Af þeim varningi, sem einstaklingar hafa með sér frá útlöndum, koma í flestum tilfellum engin opinber gjöld.

Með frumvarpi þessu er stuðlað að því að verslun með þessar vörur flytjist aftur inn í landið, án þess þó að tekin sé óeðlileg áhætta varðandi tekjur ríkissjóðs sem fengi söluskattstekjur af þeirri verslun sem til landsins flyttist í stað þeirra takmörkuðu tolltekna sem nú er um að ræða. Um leið er minnkaður sá munur sem er á aðstöðu þeirra sem möguleika hafa á að kaupa vörur sem þessar erlendis og aðstöðu annarra.

Um nokkurt skeið hefur verið unnið að endurskoðun tollskrárlaga og annarra atriða er snerta tollframkvæmd. Í framhaldi af þessari endurskoðun liggur nú fyrir Alþingi frumvarp til tollalaga og samin hafa verið ný heildardrög að tollskrá sem þó munu ekki koma fram á þessu þingi.

Í þessari endurskoðun hefur m.a. verið gert ráð fyrir breytingum í þá átt sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Ekki þótti þó ástæða til að bíða með að gera þessar breytingar þótt tollskráin í heild komi til umfjöllunar síðar.

Erfitt er að leggja nákvæmt mat á hvaða tekjubreytingar hér gæti verið um að ræða fyrir ríkissjóð. Ljóst er þó, miðað við óbreyttan innflutning í þessum vöruflokkum frá því sem verið hefur, að tekjur af tollum og vörugjaldi mundu lækka eitthvað, en þó mjög mismikið eftir vörutegundum. Það er hins vegar meginmarkmið breytinganna að auka innlenda verslun með þessar vörur og þar með beinar skatttekjur af fyrirtækjum sem hana stunda sem og söluskattstekjur. Þannig má búast við að tekjutapið vinnist upp að verulegu leyti. Úr því verður þó að sjálfsögðu ekki endanlega skorið fyrr en að fenginni reynslu.

Um 1. gr.

Í greininni koma fram tollskrárnúmer þeirra vöruflokka sem fyrirhugaðar breytingar ná til. Þeir eru þessir:

- a. Ljósmyndavélar (tollnr. 90.07.13 og 90.07.19). Tollur verði 0 í stað 35%. Úr, aðrar klukkur og hlutar til þeirra (tollnr. 91.01.00, 91.04.00, 91.08.00, 91.09.00 og 91.11.00). Tollur verði 0 í stað 35–50%.
- b. Litir til listmálunar (tollnr. 32.10.00). Tollur verði 5% í stað 35%.
- c. Filmur í ljósmyndavélar (tollnr. 37.01.09 og 37.02.09). Tollur verði 20% í stað 35%.
- d. Áteknir og óáteknir miðlar, svo sem hljómplötur, hljóðsnældur og myndbönd (tollnr. 92.12.19 og 92.12.29). Tollur verði 50% í stað 75%.

Um 2. gr.

Parfnast ekki skýringa.